

Ágúst Hálfðásson
Heiðarhvamur
271, Mosfellsbær

Reykjavík, 25. september 2020
UST202009-214/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til aksturs í Jökulgili vegna rannsóknaleiðangurs innan Friðlands að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Ágústar Hálfðássonar, dagsett 21. ágúst 2020, um leyfi til aksturs inn í Jökulgil innan Friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu nema með undanþágu frá Umhverfisstofnun.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða sporðamælingar á jökklum á vegum Jöklarannsóknarfélag Íslands. Fylgst hefur verið með Torfajökli síðan 2006. Sex til átta manns á tveimur bílum munu koma að rannsókninni sem mun taka einn dag og fara fram á tímabilinu 26. september til 15. október 2020 háð veðri. Sótt er um leyfi til að aka í farvegi Jökulgilskvíslar inn í Dalbotn. Þaðan verður gengið á Torfajökul til mælinga á norður og suðursporðum hans. Engin sýnataka fylgir verkefninu. Öll ummerki um aksturinn ættu að hverfa jafnóðum að sögn umsækjanda.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni hafa jákvæð áhrifa á svæðið til lengri tíma lítið þar sem verið er að safna upplýsingum um breytingar á náttúru svæðisins. Aksturinn fer fram utan megin ferðamannatíma og truflun fyrir ferðamenn því lítil. Stofnunin telur því ekki að aksturinn muni hafa varanleg neikvæð áhrif á náttúru svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem tiltekin eru í bréfi þessu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ágústi Hálfðássyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri eftir áreyrum Jökulgils innan Friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan í einn dag á tímabilinu 26. september til 15. október 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnaferkjalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, annar en sá er leyfið nær til er óheimil.
- Fylgja skal vegslóða í Jökulgili þar sem hann er til staðar á svæðinu.
- Tryggja skal að aðrir gestir fylgi ekki á eftir þegar ekið er inn í Jökulgil .
- Ökumönnum er skylt að gæta sérstakar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum, sbr. 6 mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í vatn eða jarðveg.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og starfsmenn skulu klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands. Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri